Stjórnarfundur Náttúrustofu Suðurlands
07.10.2026, Þekkingarsetrinu kl. 10:00.

Mættir Kjartan Vídó Ólafsson formaður stjórnar, Ragnheiður Sveinþórsdóttir, Guðni Hjörleifsson og Erpur Hansen forstöðumaður.

Formaður setti fundinn og bauð stjórnarmenn og gesti velkomna.

1: Forstöðumaður leggur fram tillögur að fjárhagsáætlun 2027 fyrir stjórn. Umræður um fjárhagsáætlunina og formanni falið að klára þá vinnu.

2: Málþing Náttúruverndarstofnunar mánudaginn 12. október Staða og nýting sjófugla á Íslandi. Forstöðumaður kynnir málþingið og stjórn ákveður að bjóða upp á streymi í Þekkingarsetrinu frá málþinginu ásamt því að bjóða upp á súpu í hádeginu. Bjargveiðimönnum verður sérstaklega boðið í Þekkingasetrið til að hlýða á erindi málþingis og eiga umræður við stjórnarmenn um erindin.

Formaður boðar til næsta fundar þegar tilefni er.

Fundi slitið kl. 11:20